

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag íbúðar- og landbúnaðarsvæða og athafnasvæðis í landi Eystri-Hellna.

Deiliskipulagið nær til tveggja íbúðarsvæða auk athafnasvæðis í landi Eystri-Hellna. Íbúðarsvæðin eru í aðalskipulagi skilgreind sem blanda íbúðar- og landbúnaðarsvæðis og eru þau samtals um 70 ha að stærð. Á þessum tveimur svæðum er gert ráð fyrir samtals 77 lóðum, u.þ.b. 1 ha hver, þar sem heimilt verður að reisa íbúðarhús auk útihúsa. Athafnasvæðið er 5,75 ha þar sem gert er ráð fyrir 18 lóðum.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. maí 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. maí 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2011